

PÓLSKT BLÓÐ

I. KAPITULI.

Það var komið fram í nóvembermánuð og stormur mikill á.

Hann þaut áfram á snjóhvítum vængjum yfir hið flata, eyðilega, dauðakyrra Austur-Prússland, mílu eftir mílu, yfir heiðar og óbygðar flatneskjur, yfir dimma skóga, akra og engi og smeygði sér eins og kólfi væri skotið gegn um sefið við vötnin og tjarnirnar. Hann hristi krónur trjáanna og beygði limið niður að jörðu; hann ýtti reynunum á bökkunum út í froðugui vötnin. Eins og drynjandi frelsis og uppreistarsöngur hljómaði hann hvelt í heimsins eyrum, eins og fagnaðaróp fyrir utan landamæri Póllands.

Alt í kring lá héraðið eins og í dauðasvefni. Bárurnar þutu yfir vatnið, hækkuðu sig og lækkuðu á víxl, eins og stynjandi mannsbrjóst, og yfir vatnið og snjóflákana endalausa rauk vindurinn eins og örskot drundi og — dó í fjarska.

Stormurinn hristi á sér vængina, svo að snjóflóknir dattu niður yfir slétturarnar. Þeir urðu æ þéttari og þéttari og snjórinn varð æ dýpri, svo hann skýldi ásjónu hinnar sofandi jarðar undir fannhvítri líkblæju. Svo flaug hann áfram og lamdi til jarð-